

Fundur haldinn 13.4.2013 í Sesselíuhúsi, Sólheimum.

17. konur mættar, 1 gestur Sigríður Ragna Sigurðardóttir formaður.

1. Rósa Marta setti fund. Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir las fundargerð síðasta fundar.

2. Margrét Ísaksdóttir var með orð til un hugsunar. Hún las úr bókinni „Mér leggst eitthvað til.” sem er um Sesselíu Sigmundsdóttur stofnandi Sólheima.

3. Inntaka nýrra félaga. Hólmfríður Árnadóttir og Margrét Pálína Guðmundsdóttir oru teknar inn í deildina. Um þann þátt sáu Sigríður Ragna, Rósa Marta, Ingibjörg Þ.Þ.og Gunnvör Kolbeinsd.

4. Við sungum Kvæðið um fuglana.

5. Rósa Marta sagði frá undirbúningi þingsins sem haldið verður á Hótel Heklu. Allur undirbúningur gengur vel og línur að skýrast.

Sigríður Ragna hvatti okkur til að mæta á þingið. Hún minnti okkur einnig á ráðstefnuna sem verður í Amsterdam í byrjun ágúst.

Einnig benti hún okkur á námskeið sem Sigrún Jóhannesdóttir heldur fyrir deildir Delta Kappa Gamma.

Fleira ekki gert og Rósa Marta sleit fundi.

Ingibjörg Þ.Þorleifsdóttir

ritari.